


Sögueyjan 2 – the Iland of the Sagas

Social studies in grade 7

Vocabulary list and extraction from kafli 5 / The community of farmers

íslenska		enska		Native language
samfélag		community		
lífskjör		Standard of living		
fjölgun		Increase (in number), growth		
stöðug		continuous		
auður		wealth		
völd		power		
harðæri		Hard times		
hamfarir		disasture		
fólksfækkun		Decrease of the population		
farsótt		plague		
gröf		grave		
örvænting		Despaire, being desperate		
lífsbarátta		The struggle for life		
byggilegt		habitable		
aflabrestur		Decreased fishery		
búfjárdauði		Death of the farm's animals		
vandi		problem		
framtíðarmöguleikar		Future prospects		
sjávarútvegur		fishery		
árstíðabundið		seasonal		
kvikfjárrækt		Sheep/cattle farms		
meðal		average		
Húð, skinn		Skin		
mýsa		Whey (the watery part of milk)		
Súrsa (so)	} aðferðir við	To pickle	} ways to	
Þurrka (so)		To dry		store food.
Reykja (so)		To smoke		
Salta (so)		To salt		
	mat.			
sjálfsþurftarbúskapur		Farmers produced everything they needed at home.		
stéttaskipting		Class divition		
landeigendur		Land-owners	} Class distinction	
leiguliðar		Renter, tenants		
vinnufólk		laborers		
Ómagar og flakkarar		wanderers		
fátækur		poor		
hreppur		Shire, certain district		
vergangur		begging		
móðuharðindi		Hard times because of eruptions and ash.		
móða		Blur, haze		
stórabóla		Life-threatening disease		
Tyrkjaránið		Robbery of the Turks		
fangar		prisoners		
sjóræningjar		pirates		



Kafli 5: Helstu áherslur:

Hvernig var íslenskt samfélag? Á hverju lífði þjóðin og hvernig voru lífskjör fólks? Hve margir bjuggu í landinu og hvers vegna var fólksfjöldun ekki stöðug? Í þessum kafla er sagt frá íslenska bændasamfélaginu, þar sem fólk lífði einföldu lífi, langt í burtu frá öðrum þjóðum heims. Íslendingar voru viðkvæmari fyrir vondu veðri og náttúruhamförum á fyrri öldum, en þeir eru núna. Húsin voru léleg, dimm og köld og hvert býli varð að treysta á eigin framleiðslu á kjöti og ullarvörum.



Ef veðrið var vont var ekki hægt að fara á sjó til að veiða fisk, kindur og kýr dóu og þá var hætta á að fólk gæti líka dáíð úr hungri og sjúkdómum.

Aðeins um 5% bænda áttu sjálfir jörðina sína. Hin 95% leigðu jörðina, annaðhvort af kirkjunni, kóngi eða öðrum ríkari bónda. Stéttaskipting var mikil á 18. og 19. öld. Efst sátu landeigendur, sem oftast voru ríkir og af vel metnum ættum. Næst komu bændur, sem þurftu að leigja jarðir sínar af öðrum og því næst vinnufólk. Lægst settir voru svo flakkarar sem gengu á milli bæja og dvöldu á hverjum bæ um lengri eða skemmri tíma.

Á hverjum sveitabæ bjó venjulega ein fjölskylda og vinnufólk. Stundum komu líka flakkarar sem fóru á milli bæja. Meðalbóndi gat átt tvær kýr, 50 – 80 kindur og kannski nokkra hesta. Sauðfé (kindur) voru mikilvægustu dýrin á hverjum bæ. Á vorin var oft ekki til mikill matur og þá var nauðsynlegt fyrir bændur að fara á sjó og veiða fisk, til að eiga eitthvað til að borða og bjarga fjölskyldunni frá hungri. Á þessum tíma var erfitt að geyma mat í langan tíma án þess að hann skemmdist. Helstu leiðir voru að reykja, salta, súrsa og þurrka kjöt og fisk.

Ævi fólks var mun styttri á fyrri öldum en hún er núna og ungbarnadauði var mjög mikill. Margar konur dóu þegar þær áttu börn. Fólk dó líka af ýmsum sjúkdómum og í upphafi 18. aldar er talið að um 33% (þriðjungur) af þjóðinni hafi dáíð í stórubólu.

Á árunum 1783-1785 var mikið eldgos nálægt Vatnajökli og eitruð aska dreifðist um allt land. Þetta tímabil var kallað móðuharðindin en blá móða lagðist yfir landið, svo sólin sást ekki. Á þessum árum er talið að um 20% landsmanna hafi dáíð. Allar þessar hörmungar leiddu til þess að landsmönnum fækkaði á sama tíma og fjölgun átti sér stað í Evrópu. Í upphafi 18. aldar voru Íslendingar um 50.000 en í lok hennar voru þeir um 47.000.

Vegna þess hve Ísland er langt frá öðrum þjóðum átti enginn von á sjóræningjum. En það breyttist árið 1627 en þá komu Tyrkir hingað til lands og tóku um 380 fanga, konur, karla og börn og drápu um 40 manns. Flestir voru frá Vestmannaeyjum eða um 240. Ein þeirra var kona sem hét Guðríður Símonardóttir. Hún komst seinna til baka og varð konan hans Hallgríms Péturssonar.

Chapter 5: Main emphases:

How was the Icelandic society? How did the people survive and how was the standard of living? How many were the Icelanders and why was the population growth so slow and unsteady?

In this chapter you will read about the Icelandic farmers, where people lived simple life, far away from other countries and nations of the world. The Icelandic nation was more vulnerable due to bad weather, eruptions and the nature disasters in the early centuries, rather than now. The houses were bad; cold and dark and every farm had to rely on its own products.

If the weather was bad, the farms could not depend on fishery, sheeps and cows died from lack of grass, and then it was close to the point of starvation, diseases and death among the farmers and their families.

Only about 5% of the farmers owned their land – the other 95% hired it, either from the church, the king or from other richer farmer. Class division was obvious in the 18th. and 19th. centuries. At the top sat the land-owners and rich farmers from appreciated families. Then came the farmers who had to hire their land from others, then the laborers/workers at the farms and on the bottom, the wanderers, who had no real homes, but relied on the farmers to give them food and shelter, in the long or short term.

Usually, one family lived on each farm along with their laborers. It depended on the wealth of each farm, how many laborers the farmer could have. Sometimes wanderers came to the farms and stayed for a while, before they kept on walking – from one farm to another, from one shire to another.

We can imagine that the average farmer in the 18th century, may have had two cows, 50-80 sheeps and a few horses. The sheeps were the most important animals on the farm – from them the people got both meat, milk and wool.


After a long, hard winter, it could happen that there was not much left to eat on the farms. Then, it was important for the farmers to go to the seaside to catch some fish. That was seasonal work in the spring and could save the families from starving.

In this times, it was difficult to store food, unspoiled, through the winter. The best ways were to smoke, salt, pickle and dry meat and fish.

In the years 1783-1785 a big volcanic eruption broke out, near the glacier Vatnajökull and poisoned ash spread over big parts of the country. Due to this blue-ish blur which covered everything – even the sun – it was called móðuharðindin (móða = blur).

In these years about 20% of the population died, and because of all these difficulties; – bad weater, diseases and eruptions, the population of Iceland decreased while, at the same time, populations of other nations in Europe increased. In the beginning of the 18th century, the population of Iceland was about 50.000 but in the end of the century, it had decreased to 47.000.

Because of long distance and isolation of Iceland, nobody expected pirates to come here. But that changed in the year 1627 when the Turks came and prisioned about 380 people, men, women and children and brought them to Algeria. Most of them came from the islands of Vestmannaeyjar, or about 240 people. Among them was a woman, Guðríður Símonardóttir, who later managed to turn back and after that, she became the wife of the psalmist, Hallgrímur Pétursson.



Verkefni

Tengdu saman:

5%	Hlutfall fólks sem dó í móðuharðindunum.
95%	Hlutfall fólks sem dó í stórubólu.
20%	Hlutfall bænda sem áttu jarðirnar (jörð) sínar sjálfir
33%	Hlutfall bænda sem leigðu jörðina sína af öðrum.

Hvað áttu bændur oft mikið af húsdýrum?

Hvaða aðferðir voru notaðar til að geyma mat?

Hvað merkir það að vera „flakkari“?

Hvernig björguðu bændur fjölskyldum sínum frá því að svelta þegar allur matur var búinn á vorin?

Af hverju **fækkaði** Íslendingum á 18. öld?

Hvaðan komu sjóræningjarnir og hvaða ár?
